



Fuglamerkingar 2012

Árið 2012 var 92. ár fuglamerkinga á Íslandi og það 81. í umsjá Íslendinga. Fjörutíu og fimm aðilar merktu alls 10.109 fugla af 70 tegundum. Tilkynt var um 509 endurheimtur íslenskra merkja (439 innanlands og 70 erlendis) auk 88 erlendra merkja.

Starfslið


Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Helga Valdemarsson, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Borgþór Magnússon.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson (0,25 ársverk), Svenja N.V. Auhage (0,4) og Helga Valdemarsson (0,1). Til viðbótar unnu fjórir lausráðnir sumarstarfsmenn við samlestur gagnagrunns við frumgögn sumarið 2012 (0,6). Þau heita Egill Aron Ómarsson, Guðni Þór Þrándarson, Íris Anna Níelsdóttir og Hulda Sif Ólafsdóttir. Vinnuframlag til fuglamerkinga var því alls rúmt eitt ársverk (1,3) sem er nokkur samdráttur frá tæpum 2 ársverkum 2011. Meginorsök voru miklar annir starfsmanna vegna annarra verkefna á árinu.

Fuglamerkingar

Alls voru merktir 10.109 fuglar árið 2012 (samtala 1921-2012, 635.907; 1. mynd) af 70 tegundum (alls 150 tegundir frá upphafi). Tilkyntar endurheimtur (og álestur merkja á lifandi fuglum) á árinu 2012 voru 597, en alls voru 2539 endurheimtur skráðar í gagnagrunn (samtala 1921-2012, 43.700). Virkir merkingamenn voru 45 talsins árið 2012 (1. tafla) sem er sami fjöldi og árið 2011. Ein merkingastöð, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands á Höfn í Hornafirði, hefur verið starfrækt síðan 2005. Rekstur stöðvarinnar er framtak áhugamanna og byggir á styrkjum sem þeir afla.

- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2012: 1487 kríur, 1130 snjótittlingar, 964 skógarþrestir, 550 súlur og 463 sílamáfar (2. tafla).
- Flestar endurheimtur árið 2012 á einstökum tegundum voru 89 langvíur, 77 æðarfuglar, 49 álfir, 39 rjúpur og 29 snjótittlingar.
- Fimm afkastamestu aðilar sem stunduðu fuglamerkingar 2012 voru Fuglaathugunarstöð Suðausturlands sem merkti 1689 fugla, Ólafur Á. Torfason merkti 1547 fugla, Sverrir Thorstensen merkti 1239 fugla, Óskar J. Sigurðsson merkti 781 fugl og Gunnar Þór Hallgrímsson merkti 681 fugl (1. tafla).



1. mynd. Árlegur fjöldi merktra fugla frá upphafi merkinga árið 1921.

Snjótittlingur skipar nú fyrsta sætið sem mest merkta tegund landsins í stað lunda sem lengi hefur vermt það sæti, en hjá honum hefur verið lítil nýliðun síðustu ár. Tíu mest merktu tegundir frá upphafi eru í dag snjótittlingur 75.948 fuglar merktir, 75.842 lundar, 58.344 skógarprestir, 49.162 kríur, 33.690 ritur, 30.632 fýlar, 21.038 skúmar, 19.730 teistur, 15.720 þúfutittlingar og 15.371 langvía (2. tafla).

Endurheimtur

Af 88 endurheimtum erlendra merkja voru 85 frá Bretlandseyjum, en tvær frá Hollandi (38. og 39. endurheimta þaðan voru tildra og heiðlóa) og ein frá Helsinki (3. endurheimta þaðan). Finnski fuglinn var silkitoppa sem merkt var á Tankar fuglaathugunarstöðinni í Vaasa sem fugl á 1. hausti þann 8. október 2012 og flaug á rúðu í Ólafsvík á Snæfellsnesi þann 7. nóvember 2012. Þetta er jafnaframt fyrsta merkta silkitoppa sem endurheimtist hérlendis.

Fimm endurheimtur voru meira en 2500 km frá merkingastað. Lengst ferðaðist súla sem Ólafur Á. Torfason merkti sem unga í Skrúð 2. júlí 2012 (nr. 138321) og fannst nýdauð í fjöru í þjóðgarðinum Mamghar í Míritaníu 12. desember 2012, aðeins 126 dögum frá merkingu og 5061 km frá Skrúð. Tvær aðrar súlur (138499, sem Ólafur Torfason merkti í Skrúð 2. júlí 2012 og 133004, sem Hallgrímur Gunnarsson merkti í Skrúð 6. júlí 2002) endurheimtust í Portúgal á árinu, 2843 og 2674 km frá merkingastað. Tilkynt var um tvo jaðrakana sem merktir voru af Pete Potts og félögum sumarið 2009 og endurheimtust 2010 og 2011. Annar þeirra (nr. 575414) var merktur sem ófleygur ungi við Selá á Hauganesi í Eyjafirði þann 14. júlí 2009 en lesið á litmerki hans við Larache salttjarnir í Marokkó 31. október 2010, 3507 km frá merkingastað. Hinn (nr. 583003) var merktur 1. júlí 2009 á Hríshóli í Reykhólasveit, A-Barð., sem ófleygur ungi en fannst dauður í Gironde í Frakklandi 16. október 2011 um 2570 km frá merkingastað.

Fjölmörg aldursmet voru sett á árinu 2012 og eru tvö þeirra líklegast Evrópumet, en unnið er að samantekt nýs Evrópulista hjá EURING samtökunum. Súla nr. 111826 sem Ragnar Jónsson merkti sem unga í Súlnaskeri í Vestmannaeyjum 28. júlí 1979 kom í net 5. maí 2012 djúpt suðvestur af Surtsey, þá 32 ára og 10 mánaða. Stokkónd nr. 228109 merkt af Arnþóri Garðarssyni í Laugardal í Reykjavík 31. október 1998 (fullvaxin kolla) fannst dauð í Breiðumýri á Álftanesi þann 6. nóvember 2012, af börnum í leikskólanum Krakkakoti og var þá a.m.k. 14 ára og sex mánaða. Guðmundur Örn Benediktsson las á málmmerki tjalds nr. 477705 við Koll á Melrakkaslétu þann 17. maí 2012. Hann hafði verið merktur sem ófleygur ungi á Bakkahöfða á Tjörnesi nær 22 árum áður, þann 10. júní 1989, af Heimi Eiríkssyni. Tilkynt var um endurheimtu jaðrakans nr. 628697 sem Þorlákur Sigurbjörnsson merkti sem fullorðinn karlfugl með hreiður við Langhús í Fljótum þann 11. júní 2003 og var tekinn á hreiðri á sama stað 21. júní 2011, þá líklega a.m.k. 10 ára. Einar Guðmann ljósmyndaði stormmáf 25. apríl 2012 við Drottningarbraut á Akureyri sem bar merki nr. 529777. Gunnlaugur Pétursson merkti hann sem ófleygan unga við Akureyrarflugvöll 26 árum og 10 mánuðum áður, þann 4. júlí 1985. Hvítmáfur nr. 232937 sem Trausti Tryggvason merkti sem ófleygan unga í Ármýrum í Helgafellssveit á Snæfellsnesi þann 2. júlí 1982 var orðinn 29 ára og fjögurra mánaða þegar hann fannst skotinn á Þyrilsnesi í Hvalfirði 25. september 2012. Flórgoði nr. 339160 sem Þorkell Lindberg Þórarinsson merkti sem fullorðinn fugl með hreiður, þá líklega a.m.k. tveggja ára gamall, við Víkingavatn í Kelduhverfi var endurveiddur á sama stað 2543 dögum síðar a.m.k. 9 ára. Tvö hin síðastnefndu eru að öllum líkindum ný Evrópumet í þekktum aldri þeirra tegunda.

Gagnavarsla

Merkinga- og endurheimtugögn eru varðveitt í SQL gagnagrunni sem stýrt er með sérhæfðu umsýsluforriti (Flygill) og með fyrirspurnum gegnum Microsoft Access. Rúm 90% merkingaskýrsla 2012 var skilað rafrænt á Excel gagnablöðum sem tilbúin eru til innflutnings í gagnagrunninn. Í árslok 2012 voru 91% allra merkinga komnar í grunninn og var samlestri á um 90% merkinga við frumgögn lokið og unnið að leiðréttingu á grunninum. Á sama tíma höfðu 94% allra endurheimtugagna verið slegin inn í gagnagrunninn og allar samlesnar við frumheimildir.

	Áætlaður fjöldi 1921-2012	Færslur 31. des. 2012	Í gagna- grunni
Merkingar	635.900	581.000	91,4%
Endurheimtur*	43.700	41.266	94,4%

* inniheldur "kontról" á sama stað.

Nú er unnið að því að samræma kóðun íslensku merkinga- og endurheimtugagnanna við kóðun EURING sem eru regnhlífarsamtök umsjónaraðila fuglamerkinga í Evrópu. Sú vinna byggir á EURING 2000 staðli og gerir okkur kleift að yfirfæra öll íslensk gögn í sameiginlegan evrópskan gagnagrunn (EDB). Jafnframt auðveldar það okkur að taka upp umsýsluforrit sem aðrir hafa þróað og reynst hafa vel. Ákveðið hefur verið að taka upp norskt umsýsluforrit fyrir fuglamerkingar þegar öll eldri gögn hafa verið slegin inn í núverandi gagnagrunn.

Ýmis verkefni

Nokkrir erlendir aðilar merktu fugla hérlendis á árinu. Pete Potts kom hingað í 21. ferð sína síðan 1999 til fuglamerkinga og með honum talsverður hópur sjálfboðaliða. Hann lagði að vanda mesta áherslu á að merkja jaðrakana og merktu þau 35 fullorðna jaðrakana og 113 unga auk nær 300 vaðfugla af öðrum tegundum. Tony Fox og samstarfsaðilar hafa merkt blesgæsir á Hvanneyri öðru hvoru síðan 1997. Þeir unnu að rannsóknum á blesgæsum í apríl og maí 2012 og litmerktu m.a. 66 blesgæsir. Olof Geiter frá merkingastöðinni Helgoland í Þýskalandi kom hér til stærðarmælinga á fylum. Hann veiddi og merkti 201 fullvaxinn fýl á sjó auk 77 rita og tveggja hvítmáfa. Ólafur Torfason leiddi sinn 18 leiðangur í Skrúð og merkti 925 fugla, þar af 550 súlur (4970 ungar og 53 fullorðnar). Þetta árið var sérstök áhersla lögð á að endurveiða merktu fugla og var m.a. lesið á merki 81 langvíu úr fyrri leiðöngrum. Sextán þessara langvíu voru merktar sem fullorðnar á hreiðri árið 1995 og eru því a.m.k. 22 ára gamlar.

Að ósk Þjóðverja, sem vinna að útgáfu nýrrar bókar um endurheimtur sendum við þeim afrit af öllum skráðum endurheimtum sem tengdust Þýskalandi. Í staðin fengum við skrá yfir allar endurheimtur úr þeirra grunnum sem tengdust Íslandi. Þetta var mjög gagnlegt fyrir báða aðila, bæði til að finna villur í skráningu en einnig vantaði nokkrar endurheimtur í grunna beggja landa.

Úrvinnsla, kynning og birting gagna

Verið er að vinna úr nokkrum gagnasöfnum um fuglamerkingar og hafa tölfræðigögn og listar yfir endurheimtur verið sendir til íslenskra og erlendra vísindamanna til úrvinnslu síðastliðið ár. Stærst þessara verkefna var úrvinnsla endurheimta á lundum sem merktir hafa verið í Vestmannaeyjum en það var meistaraverkefni Hálfðáns H. Helgasonar við Háskóla Íslands sem hann varði í janúar 2012. Helstu niðurstöður Hálfðáns voru að lífslíkur fullorðinna lunda eru 87,3% á milli ára og að strax við tveggja ára aldur eru lífslíkur lunda mjög háar. Eins kom í ljós að mjög mikið gegnumstreymi geldfugla frá öðrum svæðum er um Vestmannaeyjar (Hálfðán H. Helgason 2012).

Nokkrar greinar er byggjast á merkingarniðurstöðum birtust á árinu. Í maí varði Ellen Magnúsdóttir meistararitgerð sína um vetrarstöðvar skúma af íslenskum, norskum og breskum varpstöðvum en ritgerð hennar nefndist "Winter distribution and foraging activity of Great Skuas *Stercorarius skua*" (Ellen Magnúsdóttir 2012). Grein byggð á sömu niðurstöðum birtist í tímaritinu Bird Study (Magnusdottir o.fl. 2012). Böðvar Þórisson og félagar birtu grein um vetrarútbreiðslu íslenskra sandlóa og fundu að flestar endurheimtur að vetrarlagi eru á ströndum Portúgals og Spánar en þær sem lengst fara teygja sig suður til Máraitaníu og jafnvel Gambíu (Thorisson o.fl. 2012). Gunnar Þór Hallgrímsson og samstarfsaðilar birtu grein um vetrarheimkynni sendlingastofna við austanvert Atlantshaf (Hallgrímsson o.fl. 2012). Þar kemur fram að íslenskir sendlingar eru líklega að mestu staðfuglar en einnig hafa hér vetursetu fuglar af öðrum uppruna. Í ljós kom að meiri líkur eru á að finna þá sendlinga hér að vetrarlagi sem hafa verið litmerktir á Suðvesturlandi fyrir miðjan maí. Hins vegar eru meiri líkur á að fuglar sem hafa verið merktir á Suðvesturlandi síðari hluta maí finnist að vetrarlagi á Bretlandseyjum (Hallgrímsson o.fl. 2012).

Tómas Grétar Gunnarsson og félagar skoðuðu vetrardreifingu jaðrakana á Íberíuskaga með hjálp DNA greiningar og fundu skörun milli stofna af íslenskum og öðrum evrópskum uppruna (Lopes o.fl. 2012).

Á Hrafnáþingi Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 29. febrúar 2012 fjallaði Guðmundur A. Guðmundsson um sögu fuglamerkinga á Íslandi.

Heimildir

- Ellen Magnúsdóttir 2012. Winter distribution and foraging activity of Great Skuas *Stercorarius skua*. M.Sc. ritgerð í líffræði, Háskóli Íslands 45 bls + viii.
- Hallgrímsson, G.T., R.W. Summers, B. Etheridge & R.L. Swann 2012. The winter range of Nearctic Purple Sandpipers *Calidris maritima* on the East Atlantic flyway. *Ardea* 100: 13-18.
- Hálf dán H. Helgason 2012. Survival of Atlantic Puffins (*Fratercula arctica*) in Vestmannaeyjar, Iceland during different life stages. M.Sc. ritgerð í líffræði, Háskóli Íslands 72 bls.
- Lopes, R.J., J.A. Alves, J.A. Gill, T.G. Gunnarsson, J.C.E.W. Hooijmeijer, P.M. Lourenço, J.A. Masero, T. Piersma, P.M. Potts, B. Rabaçal, S. Reis, J.M. Sánchez-Guzman, F. Santiago-Quesada & A. Villegas 2013. Do different subspecies of Black-tailed Godwit *Limosa limosa* overlap in Iberian wintering and staging areas? Validation with genetic markers. *J. Ornithol.* 154: 35-40.
- Magnusdóttir, E., E.H.K. Leat, S. Burgeon, H. Strom, A. Petersen, R.A. Philips, S.A. Hanssen, J.O. Bustnes, P. Hersteinsson & R.W. Furness 2012. Wintering areas of Great Skua *Stercorarius skua* breeding in Scotland, Ireland and Norway. *Bird Study* 59: 1-9.
- Thorisson, B., V. Eyjólfsson, A. Gardarsson, H.B. Albertsdóttir & T.G. Gunnarsson 2012. The non-breeding distribution of Icelandic Common Ringed Plovers. *Wader Study Group Bull.* 119: 97-101.

Urriðaholti, 4. júlí 2013,

með kæru þakklæti fyrir gott samstarf á árinu.

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja Auhage

1. tafla. Fjöldi merktra fugla 2012 skipt eftir merkingamönnum.

Nr.	Nafn	Fullv.	Ungar	Alls
353	Aðalsteinn Snæþórsson	5	0	5
273	Arnór Þórir Sigfússon	0	1	1
407	Aron Leví Beck	1	209	210
261	Björn Hjaltason	1	0	1
380	Böðvar Þórisson	24	112	136
401	Ellen Magnúsdóttir	171	14	185
262	Erpur Snær Hansen	6	0	6
222	Finnur Logi Jóhannsson	74	30	104
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	1158	531	1689
345	Guðmundur A. Guðmundsson	143	59	202
316	Gunnar Tómasson	229	36	265
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	676	5	681
237	Gunnlaugur Pétursson	32	0	32
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	11	11
091	Hálfván Björnsson	0	46	46
384	Hrafn Svavarsson	12	0	12
405	Ingvar A. Sigurðsson	3	0	3
223	Jóhann Óli Hilmarsson	3	18	21
386	Jón Gunnar Jóhannsson	0	2	2
339	Jón H. Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir	2	379	381
309	Jón Magnússon	246	0	246
346	Kristinn H. Skarphéðinsson	0	17	17
270	Kristlaug Pálsdóttir	32	77	109
408	Olaf Geiter	227	0	227
296	Ólafur Einarsson	18	46	64
216	Ólafur K. Nielsen	145	52	197
322	Ólafur Torfason	266	1281	1547
148	Óskar J. Sigurðsson	745	36	781
400	P. Potts	45	401	446
284	Páll Leifsson	14	1	15
250	Sigurður Ægisson	0	4	4
344	Smári Lúðvíksson	51	0	51
248	Sverrir Thorstensen	458	781	1239
374	T. Fox	66	0	66
365	Tómas Grétar Gunnarsson	34	58	92
097	Tryggvi Eyjólfsson	9	140	149
382	Vigfús Eyjólfsson	11	11	22
357	Yann Kolbeinsson	57	0	57
370	Þorkell L. Þórarinnsson	19	0	19
381	Þorlákur S. Helgason	253	183	436
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	61	128	189
228	Þorvaldur Björnsson	0	4	4
364	Þórir Snorrason	0	7	7
244	Ævar Petersen	1	72	73
371	Örn Þorleifsson	28	31	59
	Samtals	5326	4783	10109

2. tafla. Merktir fuglar 2012 eftir tegund og aldri, ásamt samtölu frá upphafi merkinga á Íslandi. Sjaldgæfar tegundir eru teknar saman í eina línu merkt "Annað" en þeirra sjaldgæfu tegunda sem merktar voru á árinu er getið neðanmáls.

Tegund	Latneskt heiti	2012			Samtals 1921-2012		
		Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
Lómur	<i>Gavia stellata</i>	28		28	282	259	541
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>				4	0	4
Flórgoði	<i>Podiceps auritus</i>	15		15	166	380	546
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	432	15	447	25918	4714	30632
Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	1		1	242	272	514
Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>				4703	27	4730
Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>				7348	132	7480
Súla	<i>Sula bassanus</i>	53	497	550	1085	4396	5481
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>				4	3273	3277
Toppskarfur	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>	15	28	43	2083	4568	6651
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	3	65	68	4206	3442	7648
Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>				5500	7887	13387
Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>	66		66	284	0	284
Grágæs	<i>Anser anser</i>				979	2002	2981
Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>				40	13	53
Margæs	<i>Branta bernicla</i>				1318	0	1318
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	15	5	20	327	1932	2259
Gargönd	<i>Anas strepera</i>				63	166	229
Urtönd	<i>Anas crecca</i>		2	2	217	954	1171
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	6	37	43	348	2025	2373
Grafönd	<i>Anas acuta</i>				69	246	315
Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>				2	7	9
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>				328	994	1322
Duggönd	<i>Aythya marila</i>				539	1452	1991
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	129	33	162	9229	4099	13328
Æður eldisungar	<i>Somateria mollissima</i>				4	4447	4451
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>				551	862	1413
Hrafnsönd	<i>Melanitta nigra</i>				576	437	1013
Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>				611	364	975
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>				262	123	385
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		28	28	13	516	529
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	3	13	16	281	913	1194
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	4	52	56	96	1521	1617
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	142		142	4976	4183	9159
Keldusvín	<i>Rallus aquaticus</i>				10	11	21
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	6	234	240	1255	7669	8924
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	32	209	241	1757	7235	8992
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		123	123	1111	7904	9015
Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>				5116	0	5116
Sanderla	<i>Calidris alba</i>	89		89	2305	0	2305
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>		3	3	3066	1169	4235
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	4	25	29	4214	2061	6275
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	16	68	84	982	5927	6909
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	67	199	266	874	1694	2568
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	11	141	152	255	5554	5809
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	15	148	163	1049	6411	7460
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	58		58	3803	0	3803

Tegund	Latneskt heiti	2012			Samtals 1921-2012		
		Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	10	19	29	939	2970	3909
Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>				47	58	105
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>		13	13	34	722	756
Skúmur	<i>Catharacta skua</i>		104	104	168	20870	21038
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	13	131	144	356	12713	13069
Stormmáfur	<i>Larus canus</i>		29	29	4	2533	2537
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	406	57	463	1705	3031	4736
Silfurháfur	<i>Larus argentatus</i>	175	5	180	734	2631	3365
Bjartmáfur	<i>Larus glaucooides</i>	6		6	33	0	33
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	31		31	407	2578	2985
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	36	9	45	298	3135	3433
Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	120	343	463	3170	30520	33690
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	23	1464	1487	4715	44447	49162
Langvía	<i>Uria aalge</i>	126	161	287	10918	4453	15371
Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	3		3	1572	94	1666
Álka	<i>Alca torda</i>	2		2	2836	2874	5710
Teista	<i>Cephus grylle</i>	3	132	135	2345	17385	19730
Haftyrðill	<i>Alle alle</i>	1		1	50	2	52
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	41	20	61	33524	42318	75842
Brandugla	<i>Asio flammeus</i>				44	101	145
Þúfuttittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	378	55	433	7627	8093	15720
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	99	58	157	1651	6393	8044
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	29		29	479	148	627
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	63		63	1336	3356	4692
Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	2	6	8	409	77	486
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	852	112	964	36929	21415	58344
Glókollur	<i>Regulus regulus</i>	4		4	32	0	32
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	3	50	53	83	1369	1452
Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	76	81	157	1421	877	2298
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	449	9	458	6948	2163	9111
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	1130		1130	73811	2137	75948
Annað (70 tegundir)		35	0	35	766	62	828
Samtals		5326	4783	10109	293981	341926	635907

Annað (14 tegundir): eyrugla (1), silkitoppa (4), glóbrystingur (2), gráþröstur (5), seljusöngvari (1), hauksöngvari (1), netlusöngvari (1), garðsöngvari (2), hettusöngvari (4), gransöngvari (2), laufsöngvari (6), barrfinka (2), hrímtittlingur (3), krossnefur (1).